

## Fréttir af fundi stjórnar/fræðslunefndar hinn 19.nóvember 2013

Fundarefni var eftirfarandi:

### Uppgjör frá degi náms- og starfsráðgjafar:

Gjaldkeri fór yfir kostnaðarliði og innkomu. Kostnaður FNS var svipaður og undanfarin ár, þrátt fyrir lægri aðgangseyri, vegna aukinna styrkja að þessu sinni (MMRN og Euroguidance). Hins vegar er lausafé félagsins (þ.e. á veltureikningi) ekki mikið um þessar mundir og því þarf að stilla kostnaði jólafunda í hóf. Við eigum eftir að fá inn einhverja styrki og útistandandi gjöld.

### Jólafundur

Fræðslunefnd sagði frá jólafundi sem haldinn verður hinn 5.desember. Spannandi dagskrá sem verður nánar auglýst von bráðar.

Ósk kom að norðan um að félagsmenn þar fengju styrk til að halda jólafund á Sauðárkróki og var það samþykkt. Einnig að athuga hvort aðrir landshlutar vilji gera slíkt hið sama.

### Norrænt samstarf

Rætt um að það sé mikilvægt að halda tengslum við kollega okkar úti í heimi en veltum fyrir okkur hvort kostnaður við þennan lið sé of mikill. Við munum ræða þetta við aðila sem hafa reynslu og þekkingu á málaflokknum.

### Kjaramál

Kjaranefnd grunnskóla hefur sett sig í samband við formann FNS og við samninganefnd FG vegna þeirrar kjarabaráttu sem framundan er. Ræddar hafa verið leiðir svo rödd okkar náms- og starfsráðgjafa heyrir í yfirstandandi/komandi viðræðum.

### Stéttarfélagsmál

Skv. niðurstöðum frá degi náms- og starfsráðgjafar 2012 vilja margir félagsmenn láta kanna hvort stofnun stéttarfélags náms- og starfsráðgjafa sé raunhæfur og/eða fýsilegur kostur. Einnig hvaða aðrir kostir gætu komið til greina. Samþykkt var að stíga fyrstu skrefin í þessari athugun.

### Endurmenntun/könnun

Búið er að endurnýja samning við Endurmenntun HÍ sem felur m.a. í sér að Endurmenntun býður upp á sérsniðin námskeið fyrir félagsmenn. Á næstunni verður send út könnun til félagsmanna til að kanna hvers konar námskeiðum þörf er á.

### Vettvangsnám

Yfirlýsing er komin frá Félagsvísindasviði Háskóla Íslands um fyrirkomulag á greiðslu fyrir vettvangsnám nemenda í náms- og starfsráðgjöf. Í henni kemur fram að í næstu samningum Félagsvísindasviðs við skóla muni það verða ljóst að greiðsla vegna vettvangsnámsins renni til þeirra náms- og starfsráðgjafa sem sinna handleiðslu á vettvangi (yfirlýsingin mun birtast í heild sinni hér á heimasíðunni). Stjórn telur þetta jákvæð tíðindi og skref í rétta átt.

**Annað:**

SEF, samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara boðaði til fundar í MNR 14. nóv. og fóru Helga og Þórdís á fundinn. Kynnt var hvaða styrki er hægt að sækja um til áramóta. Félagið mun sækja um styrk vegna Norræna samstarfsins.

Erasmus+ er ný menntaáætlun ESB. Helga fór á málþing þar sem þetta var kynnt. Stjórn mun óska eftir sérstakri kynningu á styrkjakerfinu fyrir náms- og starfsráðgjafa.

Í nýrri skýrslu OECD kemur fram talsverð gagnrýni á náms- og starfsráðgjöf. Stjórn ætlar að kynna sér málið betur. <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/forsidugreinar/nr/7807>

Verið er að skoða uppfærslu á heimasíðu FNS. Allsherjar uppfærsla verður þó ekki fyrr en eftir ca. 2 ár en fram að því verður tekið til á síðunni og hún gerð aðgengilegri. Einnig stendur til að vera með Facebooksíðu. Smám saman viljum við færa samskipti af póstlista meira yfir á heimasíðuna og Facebook eða aðra miðla. Heimasíðu- og ritnefndir eru alltaf að grúska í þessu og leita leiða til að gera betur.

Fyrirhugað er að setja á laggirnar stýrihóp í ráðuneyti til að vinna að stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf. Helga tekur sæti þar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

þþ